



Sálubót á aðventunni

Þriðjudaginn 8. desember mun söngfélagið Sálubót halda aðventutónleika í Þorgeirskirkju kl:20:00. Stjórnandi Jaan Alavere. Undirleikarar Jaan og Marika Alavere og Pétur Ingólfsson.
Komum og eigum notalega kvöldstund með fjölbreyttum jólalögum og smákökum.
Miðaverð 2.500 kr



Upplstur á Bókasafni Reykdæla

*Lesið verður úr nýjum bókum
þriðjudaginn 8. desember kl. 20.00 – 22.00
Kaffi á könnunni!
Allir velkomnir!*

Bókavörður

Æska, ást og friður Tónlistardagskrá Framhaldsskólans á Laugum

Ágætu sveitungar.
Nokkrir nemendur Framhaldsskólans á Laugum hafa síðsta mánuðinn undirbúið tónlistardagskrána *Æska, ást og friður*, undir stjórn Arnórs Benónýssonar. Löggin eru úr ýmsum áttum, frá 1970-2013 og tengd saman með léttu spjalli.

Sýnt verður í **Þróttó**, gamla íþróttahúsinu á Laugum:
Föstudaginn 4. des klukkan 20:00
Sunnudaginn 6. des klukkan 20:00
Mánudaginn 7. des klukkan 20:00

Almennt miðaverð er 1500 kr
Eldri borgarar 1000 kr
Fritt inn fyrir börn á leikskóla- og grunnskólaaldri
Posi á staðnum
Tilvalið til að létta lundina í skammdeginu ☺

Vonumst til að sjá sem flesta
Aðstandendur sýningarinnar



Kynningarfundur í Ljósvetningabúð

Kynningafundur verður haldinn fyrir íbúa um breytt fyrirkomulag sorphirðu í Þingeyjarsveit sem tekið verður upp á næsta ári. Á fundinum munu fulltrúar frá Gámaþjónustu Norðurlands segja frá innleiðingu á nýju flokkunar- og endurvinnsluferfi og svara fyrirspurnum.
Upplýsingabæklingur er nú þegar aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins um úrgangsmál og endurvinnslu. Bæklingurinn hefur einnig verið sendur út til allra íbúa.

Fundurinn verður haldinn í Félagsheimilinu
Ljósvetningabúð
fimmtudaginn 10. desember kl. 20:00

Íbúar eru eindregið hvattir til að mæta, fá svör við fyrirspurnum og hafa tækifæri á að koma sínum skoðunum á framfæri.
Sveitarstjóri



Aðventustund á Þóroddsstað

Aðventustund verður á Þóroddsstað næstkomandi
sunnudag, 6. desember, klukkan 15:00.
Kirkjukórinn syngur og börn úr sveitinni leika á hljóðfæri.
Ræðumaður verður Sigurður Valdemar Bragason frá
Landamótsseli.
Á eftir verður boðið í Karitasarkaffi.
Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur.



AÐVENTUKVÖLD Í ÞORGEIRSKIRKJU

Sameiginlegt aðventukvöld fyrir Háls-Ljósavatns-og
Lundarbrekkusóknir verður haldið í Þorgeirskirkju
föstudagskvöldið 4. desember kl. 20.30. Kirkjukórar
sóknanna syngja aðventulög undir stjórn Dagnýjar
Pétursdóttur. Hlini Gíslason syngur einsöng.
Ræðumaður er Guðrún Tryggvadóttir. Nemendur
tónlistarskólans leika á hljóðfæri undir stjórn Mariku
Alavere. Fermingarbörn flytja ljósahelgileik.

Verið öll hjartanlega velkomin!

48.tbl.
3. des
2015
22. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Jólamarkaður í Vaglaskógi

Laugardaginn 12. desember verður haldinn
jólamarkaður í starfsstöð Skógræktar ríkisins í
Vaglaskógi frá kl. 13 til 17.

Handverksfólk úr Þingeyjarsveit verður með
fjölbreyttan varning til sölu.
Einnig verður hægt að kaupa jólatré, greinar, arinvið
og fleira úr Vaglaskógi.
Nemendur úr Stórutjarnaskóla verða með kaffisölu
fyrir ferðasjóð sinn.

Sjáumst í jólaskapi í skóginum!

Skógrækt ríkisins Vöglum og handverksfólk úr
Þingeyjarsveit.

